



Heiðarskóli — Fréttabréf

Október 2007

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri



SpKef  
Sparisjóðurinn í Keflavík

## Þemadagar — Háttvísi



Mánudaginn 8. október og þriðjudaginn 9. október voru þemadagar í skólanum. Í ár var unnið með eitt af þremur einkunnarorðum skólans — Háttvísi. Farið var í ratleik, blindagöngu, nemendur lærðu nudd, hlustuðu á fyrirlestra, fóru í kirkju og margt fleira. Vinnunni lauk síðan á því að allir nemendur og starfsmenn skólans kom á sal og sungu lög sem tengjast vináttu.



## Námsráðgjafi í Heiðarskóla

Steinunn Snorradóttir hefur verið ráðinn náms- og starfsráðgjafi í Heiðarskóla. Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa eru að veita nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræðslu um nám, störf og atvinnulíf. Náms- og starfsráðgjafi leiðbeinir nemendum um vinnubrögð í námi og tekur þátt í að skipuleggja náms- og starfsfræðslu í skólanum. Námsráðgjafi er talsmaður nemenda og er bundinn þagnarskyldu nema um sé að ræða mál sem tengjast lífi, limum og almennum lögum. Helstu verkefni sem Steinunn sinnir nú eru sjálfstyrkingarnámsskeið í 7. bekk, valáfangi í 8. bekk um námstækni, markmiðsetningu og fræðslu um framhaldskólakerfið og námsmöguleika fyrir elstu nemendur skólans. Nemendur Heiðarskóla og forráðamenn þeirra eru velkomnir ef einhverja aðstoð vantar og eru viðtalstímar eftir samkomulagi.



Steinunn Snorradóttir kennir námstækni í vali.

# GÖNGUDAGURINN

Sú hefð hefur skapast í Heiðarskóla að fara að hausti með alla nemendur í göngu. Mánudaginn 17. september héldu allir nemendur og starfsmenn skólans í göngu. Yngri nemendur gengu um nágrenni skólans í um klukkustund en eldri nemendum var ekið úti Leiru eða að Stekkjarkoti og gengu heim á um tveimur tímum. Dagurinn heppnaðist vel þó að veðrið hefði mátt vera betra.



## GÓÐUR ÁRANGUR Í NÝSKÖPUNARKEPPNI

Margir nemendur úr Heiðarskóla komust í úrslit í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna í ár. Þeir eru: Hlynur Þór Helgason, Kristján Sigurjónsson, Marínó Örn Ólafsson, Skapti Benjamín Jónsson, Brynjar Freyr Garðarsson og Axel Snorrason. Þessir nemendur voru boðaðir heila helgi í september í vinnu þar sem þeir útfærðu hugmyndir sínar og bjuggu til kynningarefni undir handleiðslu sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum. Á lokahátíðinni þar sem forseti Íslands afhenti verðlaun og viðurkenningar kom í ljós að hugmynd Hlyns um sprunguskannan lenti í 3. sæti í flokki tölvu- og hugbúnaðar. Skanninn er hugsaður fyrir þá sem eiga leið á jökla og má festa á mælaborð vélsleða. Á tækinu er radar sem sendir frá sér bylgjur og nemur hvort loft sé undir yfirborðssnjónum. Ef svo er heyrir viðvörunarhljóð og ökumaður getur forðast sprunguna. Hlynur sagðist hafa fengið hugmyndina eftir að hafa sjálfur verið á snjósleðum og farið á jökul á bíl með föður sínum. Hann fékk vegleg verðlaun bæði frá Sparisjóðnum BYR og Útilíf.



## Fjölskyldudagur - ömmur og afar sérstaklega velkomin

Föstudaginn 9. nóvember verður fjölskyldudagur í Heiðarskóla og ömmur og afar eru sérstaklega boðin velkomin. Þennan dag er að mörgu leyti hefðbundin kennsla en það væri ánægjulegt að gestir taki sem mestan þátt í starfi nemenda. Stofur verða opnar og gestir eru velkomnir í allar kennslustundir. Í hádeginu geta gestir keypt mat hjá Skólamat og snætt með nemendum. Gestum skólans verður boðið upp á kjötsúpu á kr. 200.-



Fjölmargir gestir heimsóttu skólann í fyrra á ömmu- og afadegi

## Góðir gestir í Heiðarskóla

Það sem af er þessu skólaári hefur verið gestkvæmt í skólanum okkar. Við höfum fengið heimsókn skólafólks frá Eistlandi og starfsmenn úr Lágafellsskóla í Mosfellsbæ komu og kynntu sér starfsemi í skólanum. Þá hafa nemendur einnig fengið góða gesti. Kvennasveitin Dagbjört kom og færði nemendum endurskinsmerki, Sigursteinn kom og kynnti Taekwondo-íþróttina fyrir nemendum og Herdís Egilsdóttir kom á þemadögum og las úr verkum sínu. Þá kom Sunna námsráðgjafi í FS í heimsókn með fyrirlestur fyrir nemendur í 10. bekk. Við þökkum öllum þessum góðu gestum fyrir komuna.



Herdís les úr verkum sínum fyrir nemendur.



Gestir frá Eistlandi færa skólanum gjöf.



Tilprif í Taekwondo



Nemendur fá endurskinsmerki



Nemendur hlýða á námsráðgjafa FS

## Foreldraráð

Við Heiðarskóla er starfandi foreldraráð, eins og mælt er fyrir um í grunnskólalögum. Hlutverk ráðsins er að fjalla um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið og skila athugasemdum um þær til skólans og fræðsluráðs. Meðal annarra brýnna verkefna foreldraráðs er að gæta þess að foreldrar nemenda fái nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi í skólanum. Foreldraráð er því formlegur vettvangur til þess að koma sjónarmiðum foreldra um skólastarfið á framfæri við stjórn skólans.

### Í foreldraráði Heiðarskóla veturinn 2007 til 2008 sitja:

Steinnun Tómasdóttir, formaður: steinnun@fss.is

Skúli S. Ólafsson, ritari: skuli@keflavikurkirkja.is

Guðbjörg Sigurðardóttir, meðstjórnandi: gudbjorgsig@rafpostur.is

Una Steinsdóttir, varamaður: una.steinsdottir@glitnir.is

Foreldraráð hvetur foreldra að hafa samband við sig ef þeir hafa einhverjar spurningar varðandi skólastarfið.

## Nemendaráð

Í ár gafst nemendum kost á að störf og fræðsla tengd nemendaráði væru ein valgrein. Fjölmarginir sóttu um að komast í nemendaráð og eru 17 nemendur í 9. og 10. bekk í valgreininni en í nemendaráði eru einnig 4 nemendur úr 8. bekk. Kristín Rán Júlíusdóttir er formaður, Siguður Vignir Guðmundsson varaformaður, Elísa Sveinsdóttir gjaldkeri og Ísak Ernir Kristinsson skemmtanastjóri. Nemendaráð hittist á vikulegum fundum með Þóru Guðrúnu Einarsdóttur og Eyglóu Pétursdóttur sem eru umsjónarmenn félagsstarfa í skólanum. Nemendaráð stendur fyrir opnum húsum, diskótekum og fjölmörgu öðru á skólaárinu.



Nemendur Heiðarskóla hafa löngum verið hvattir til að ganga í skólann, enda er skólahverfið ekki stórt. Til að mynda þarf sá nemandi sem er lengst frá skólanum í Heiðarskólahverfi að ganga u.þ.b. 1200 metra, en langflestir nemendur skólans þurfa að ganga u.þ.b. 600 metra. Af þessu sést að vegalengdirnar eru ekki langar og ætti að vera auðvelt fyrir allfesta nemendur að ganga í skólann dag hvern. Þá ber einnig að hafa í huga að göngustígar og gangbrautir eru í góðu ásigkomulagi og umferðamerkingar góðar. Oft hefur verið minnst á það umferðaröngþveiti sem skapast við skólann á morgnana þegar skólinn er að hefjast og á daginn þegar skóla er að ljúka. Foreldrar sem nauðsynlega þurfa að aka börnunum sínum í skólann hafa verið hvattir til að nota hringtorgið fyrir framan skólann til að koma með börnin eða sækja þau, en ekki Heiðarbólið eða bílastæðin hjá íþróttahúsinu.

Í októbermánuði, ár hvert, eru börn út um allan heim hvött sérstaklega til að nýta sér virkan samgöngumáta, svo sem göngu, til að ferðast til og frá skóla. Markmið verkefnisins eru meðal annars að:

- **Hvetja til aukinnar hreyfingar** með því að auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar.
- **Heilbrigður lífsstíll** fyrir alla fjölskylduna: Hreyfing vinnur gegn hjartasjúkdómum, offitu og sykursýki II og stuðlar að streitulosun, betri sjálfsmynd, o.fl.
- **Minni umferð við skóla:** Draga úr umferðarþunga, mengun og hraðakstri nálægt skólum. Betra og hreinna loft og öruggari og friðsælli götur og hverfi.
- **Vitundarvakning um ferðamáta og umhverfismál:** Hversu „gönguvænt“ umhverfið er og hvar úrbóta er þörf. Samfélagsvitund eykst.

Af þessu öllu sést, að það er ekkert nema jákvætt við það að ganga í skólann.

## Tilraunir í náttúrufræði

Í náttúrufræði er hægt að læra mikið af því að gera tilraunir og nemendum finnst gaman að vinna hlutlægt og leggja sig mjög fram við þess konar vinnu. Á þessu skólaári hefur María Óladóttir sem kennir náttúrufræði í 7.—10. bekk lagt áherslu á að láta nemendur gera hinar ýmsu tilraunir. Nemendur í 7. bekk gerðu tilraun með massa og rúmmál, þar sem þeir vigtuðu vatn fyrir og eftir að þeir bættu sykri út í vatnið. Nemendur í 8. bekk gerðu myglutilraun þar sem þeir létu brauð í krukku, út í glugga og inn í skáp, til að sjá muninn á myglu í sólarljósi og í myrkri. Nemendur í 9. bekk hafa gert talsvert af tilraunum, m.a. gerðu þeir samanburð á stálull og álpappír, þar sem efnin voru látin liggja í borðediki í nokkra daga. Þá sáu nemendur glögglega hvað gerist þegar járn kemst í snertingu við súrefni og einnig hvernig álið myndar í raun hjúp utan um sig. Nemendur í 10. bekk gerðu tilraun með bolta og hreyfiorku, mælt var hversu vel mismunandi boltategundir skoppuðu.



## Uppeldi og menntun

Uppeldi og menntun er ný valgrein sem hóf göngu sína í haust. Markmiðið með henni er að nemendur í 9. og 10. bekk kynnist fjölbreyttu starfi á menntastofnunum og fái innsýn í þau störf sem þar eru unnin. Námið hófst með fræðslu í skyndihjálpi en síðan var nemendum skipt í hópa. Nemendur hafa farið á leikskóla og tekið þátt í þeim störfum sem þar eru unnin, þeir hafa aðstoðað á bókasafni skólans, tekið þátt í vinnu með nemendum í 2. og 3. bekk og tekið þátt í útigæslu. Valgreinin hefur gengið afar vel og eru nemendurnir ánægðir og reynslunni ríkari.

### Umsagnir nokkra nemenda

Sigrún Ósk og Sandra Guðný: Þetta er búið að vera mjög fræðandi og skemmtilegt.

Alexandra: Mjög gaman að fá að vera með nemendum í 2. bekk.

Hildur: Fræðslan í skyndihjálpi var mjög gagnleg.

